

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar**  
**2005-2025, Byggðarhorn.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025 frá 23. mars 2006.

Breytingin felst í því að svæði úr landi Byggðarhorns breytist úr landbúnaðarsvæði í blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota (búgarðabyggð). Um er að ræða lóð nr. 22 í landi Byggðarhorns, sem bætist við þegar skilgreinda búgarðabyggð í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2007.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

---

*Logi Kjartansson.*